

# Úthlutunarreglur á tímafjölda til leikskóla í Fjarðabyggð

## Tímafjöldi vegna barnígilda og dvalarstunda

Við úthlutun á tímamagni er tekið mið af barnígildum skóla og dvalartíma. Útreikningur tekur mið af væntanlegum fjölda barna og dvalarstundum í byrjun janúar. Barnígildin ráðast af aldri barna.

1árs barn	2 barnígildi
2ára barn	1,6 barnígildi
3ára barn	1,3 barnígildi
4ára barn	1 barnígildi
5ára barn	0,8 barnígildi

## Tímafjöldi til sérkennslu og sérkennslustjórnunar

Við skóla með 54 börn eða fleiri er leyfilegt að vera með sérkennslustjóra. Stjórnunarhlutfall sérkennslustjóra er það sama og stjórnunarhlutfall aðstoðarskólastjóra, en það er nú sem hér segir:

54 - 73 börn	6 klst á mánuði
74 - 93 börn	12 klst á mánuði
94 - 118 börn	16 klst á mánuði
119 - 150 börn	20 klst á mánuði

Fjöldi sérkennslutíma ræðst af þörf skóla. Úthlutað er á grundvelli tveggja flokka

### 1. flokkur

Börn sem hafa m.a. fengið greiningu frá Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins (GRR), Barnalækni vegna veikinda, Þroska og hegðunarstöð heilsugæslunnar (PHS), Heyrnar- og talmeinastöð Íslands (HTÍ) og Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, daufblinda og sjónskerta einstaklinga. Þessi börn þurfa á verulegri aðstoð og íhlutun að halda í daglegu lífi vegna t.a.m. fjölfötlunar, alvarlegrar og miðlungs þroskahömlunar (<50), verulegrar hreyfihömlunar (hjólastóll/hækjur), verulegrar tengslaskerðingar eða blindu og heyrnarleysis, og alvarlega langveik börn.

Úthlutað er tímafjölda til samræmis við daglegan vistunartíma barnsins í leikskólanum og þjónustubörf þess. Þjónustubörf barnsins er metin af ábyrgðarmanni sérkennslu í leikskóla barnsins í samvinnu við sérfræðiþjónustu sveitarfélagsins.

### 2. flokkur

Börn sem þurfa reglulega á aðstoð og íhlutun að halda t.a.m. vegna vægrar þroskahömlunar (51-70), hreyfihömlunar (aðstoð við ferli), verulegrar sjón- og heyrnarskerðingar, vægrar tengslaskerðingar, langtímoveik börn sem þurfa nokkra umönnun, börn sem þurfa töluverða aðstoð vegna alvarlegra hegðunar- og tilfinningalegra erfiðleika.

Úthlutað er tímafjölda til samræmis við samsetningu barna með þörf fyrir stuðning í leikskólanum og fjárhagsáætlun fjölskyldusviðs til málaufloksins. Mat á þjónustubörf er unnið af ábyrgðarmanni sérkennslu í leikskóla barnsins í samvinnu við sérfræðiþjónustu sveitarfélagsins.

Hægt er að sækja um tímabundinn stuðning við barn sem eftir mat sálfræðings hefur verið vísað til nánari greiningar á Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins, Þroska og hegðunarstöðvar heilsugæslunnar eða sambærilegra aðila.

### **Tímafjöldi vegna barna af erlendum uppruna**

Tímafjöldinn ræðst af hlutfalli barna af erlendum uppruna í hverjum skóla og heildarfjölda nemenda. Því hærra sem hlutfallið er því fleiri tímar á ári á hvert barn skólans. Heildarfjöldi nemenda í skólanum er margfaldaður með eftirfarandi stuðlum og þá fæst árlegt tímamagn skólans.

- |                                   |     |
|-----------------------------------|-----|
| 0-20 % barna af erlendum uppruna  | 1   |
| 21-40 % barna af erlendum uppruna | 1,5 |
| 41-60 % barna af erlendum uppruna | 2   |

### **Afleysingatímar vegna undirbúnings og veikinda**

Tímafjöldi vegna undirbúnings er 8% af stöðugildaþjóldu skólans að frádreginni stjórnun. Tímafjöldi vegna veikindafalla er 7% af stöðugildaþjóldu skólans að frádreginni stjórnun.

### **Tímafjöldi í mötuneyti**

Tímafjöldinn ræðst af fjölda barna.

54 - 73 börn	1,2 stg.
74 - 93 börn	1,6 stg.
94 - 118 börn	2 stg.
119 - 150 börn	2,4 stg.

### **Tímafjöldi vegna starfsmannafunda sem og opnunar og lokunar**

Tímafjöldinn vegna starfsmannafunda ræðst af lengd og fjölda funda. Við úthlutun er gert ráð fyrir 9 tveggja tíma fundum á ári utan dagvinnutíma. Gert er ráð fyrir 2 fundum á skipulagsdögum leikskóla.

Tímafjöldi vegna opnunar og lokunar ræðst af opnunartíma og fjölda barna sem nýta vistun umfram 8 stundir. Við úthlutun er gert ráð fyrir 1 klst á dag á hverja deild skólans.

Mikilvægt er að skólar njóti sjálfstæðis við ráðstöfun þess tímamagns sem úthlutað er hverju sinni og ráðstafi því þannig að það nýttist nemendum og skólanum sem best.

Fjarðabyggð 21.september 2018



Karl Óttar Pétursson  
bæjarstjóri

Samþykkt í fræðslunefnd 12. september 2018

Samþykkt í bæjarráði 17. september 2018

Samþykkt í bæjarstjórn 20. september 2018